



Bæjarstjórn Blönduósbæjar

24. FUNDUR – 8. apríl 2008

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 24. fundar þriðjudaginn 8. apríl 2008 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnáði honum. Erla Gunnarsdóttir ritaði fundargerð. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Fundargerðir:**
 - a. *Bæjarráðs frá 19. mars 2008*
 - b. *Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 11. mars 2008*
 - c. *Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 31. mars 2008*
 - d. *Skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 17. mars 2008*
 - e. *Æskulyðs- og tómstundanefndar frá 3. mars 2008*
 - f. *Menningarráðs Norðurlands vestra frá 13. mars 2008*
 - g. *Menningarráðs Norðurlands vestra frá 19. mars 2008*
 - h. *Landbúnaðarnefndar frá 11. febrúar 2008*
 - i. *Menningar- og fegrunarnefndar frá 6. mars 2008*
 - j. *Aukaárspings SSSV frá 7. mars 2008*
2. **Aðalfundarboð:**
 - a. *Veiðifélag Laxár í Ásum haldinn 13. apríl 2008*
 - b. *Veiðifélag Blöndu og Svartár haldinn 12. apríl 2008*
 - c. *Menningarráðs haldinn 5. apríl 2008*
3. **Eignarnám á leiguréttindum**

Afgreiðslur:

1. **Fundargerðir:**
 - a. *Bæjarráð frá 19. mars 2008*

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Bæjarstjóri greindi frá því að ákveðið hefði verið að skrifa undir Ólafsvíkuryfirlýsinguna. Einnig greindi hann frá þeim möguleika að taka upp Staðardagskrá 21. Fundarstjóri óskaði eftir viðbrögðum frá fundarmönnum, fundarmenn tóku jákvætt í það að taka upp Staðardagskrá 21. Ákveðið var að leggja fram eftirfarandi bókun:

„Ákveðið hefur verið að leggja inn umsókn í Staðardagskrá 21“.

Héðinn Sigurðsson vék af fundi á meðan 12. c liður var ræddur.

Valdimar Guðmannsson lagði fram eftirfarandi tillögu vegna 10. liðar:

„Bæjarstjórn Blönduós felur fulltrúum Blönduósbæjar í stjórn Ámundakinnar ehf að tryggja að ekki sé brotin jafnræðisregla stjórnarsýslunnar gagnvart fyrirtækjum í Austur-Húnavatnssýslu þegar félagið stendur fyrir byggingarframkvæmdum innan héraðsins“.

Lögð var til eftirfarandi bókun til samþykktar:

„Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögunni frá og telur eðlilegt að fjallað sé um málefnið á aðalfundi félagsins“.

Samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1 og 2 sátu hjá.

Fundargerðin er samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
 - b. *Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 11. mars 2008*

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin er samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.



c. Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 31. mars 2008
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

d. Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 17. mars 2008
Fundargerðin kynnt og rædd. Lögð var fram eftirfarandi bókun til samþykktar:
„Bæjarstjórn samþykkir vegna dagskrárliðar 5. b liðar að ekki verði sú breyting gerð sem lagt er til á umferðarrétti á Melabraut og Hólabraut“.
Samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
Fundargerðin er samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

e. Æskulýðs- og tómstundanefnd frá 3. mars 2008
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

f. Menningarráð Norðurlands vestra frá 13. mars 2008
Lagt fram til kynningar.

g. Menningarráð Norðurlands vestra frá 19. mars 2008
Lagt fram til kynningar.

h. Landbúnaðarnefnd frá 11. febrúar 2008
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð var fram eftirfarandi ályktun.
„Bæjarstjórn fagnar þeim áfanga að Vegagerðin sé byrjuð að gera upp veggirðingar meðfram þjóðvegi 1 í Langadal. Bæjarstjórn skorar á Vegagerðina að halda þessu verki áfram þannig að tryggt verði að búfé komist ekki inn á þennan fjölfarna veg sem skapað hefur verulega slyshættu á undanförunum árum“.
Samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

i. Menningar- og fegrunarnefnd frá 6. mars 2008
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

j. Aukaársping SSNV frá 7. mars 2008
Lagt fram til kynningar.

2. Aðalfundarboð:

a. Veidifélag Laxár í Ásum haldinn 13. apríl 2008
Lögð var fram sú tillaga að Zophonías Ari Lárusson myndi mæta á fundinn fyrir hönd bæjarstjórnar Blönduóss. Tillaga samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

b. Veidifélag Blöndu og Svartár haldinn 12. apríl 2008
Lögð var fram sú tillaga að Valgarður Hilmarsson myndi mæta á fundinn fyrir hönd bæjarstjórnar Blönduóss. Tillaga samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

c. Menningarráðs haldinn 5. apríl 2008
Lagt fram fundarboð.

3. Eignarnám á leiguréttindum

Bæjarstjóri lagði fram eftirfarandi ályktun:
„Bæjarstjórn samþykkir að taka eignarnámi leiguréttindi á ræktuðu landi nr. 86 samkvæmt lögum nr. 11/1973. Ekki hafa náðst samningar við eigendur þessara réttinda. Bæjarstjóra falið að fela lögmanni Blönduósþéjar að vinna málið gagnvart matsnefnd eignarnámsbóta“.



Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:05

Valgarður Hilmarsson (sign.)
Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Kári Kárason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Arnar Þór Sævarsson (sign.)
Sígurlaug Markúsdóttir (sign.)

Erla Gunnarsdóttir (sign.)